

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags-og viðskiptanefnd  
b/t. nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. apríl 2014

**Efni: Frumvarp til laga um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána. (485. mál).**

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Það er engum vafa undirorpið að bætt skuldastaða heimila er á meðal þeirra markmiða sem heildstæð efnahagsstefna ætti að fela í sér. Um þetta ríkir breið samstaða innan samfélagsins. Það er aftur á móti erfitt að móta ríkisinngríp sem ætlað er að taka á jafn fjölþættri áskorun með beinum og almennum hætti. Út frá þeim stefnumálum sem voru efst á baugi í kosningum til alþingis síðastliðið vor og niðurstöðu kosninga lá þó fyrir að ný stjórnvöld myndu leggja í slíka aðgerð.

Fyrirliggjandi frumvarp virðist einkum byggja á sanngirnissjónarmiðum fremur en efnahagslegum. Líkt og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið ríkir mikil óvissa um heildaráhrif aðgerðanna í efnahagslegu tilliti og áhættuþættirnir eru fjölmargir. Færa má rök fyrir því að niðurstaða síðustu alþingiskosninga hafi fært núverandi stjórnvöldum umboð til að ráðast í aðgerð af þessu tagi. Viðskiptaráð fagnar því að áætlanir geri ráð fyrir því að umfang skuldalækkunar rúmist innan þess markmiðs að jafnvægi verði náð í ríkisfjármálum. Það er engu að síður mat ráðsins að skynsamlegra væri að ráðstafa opinberum fjármunum með öðrum hætti.

Áætlað er að lækkun íbúðalána nemi um 80 milljörðum króna á fjórum árum, en í fjárlögum ársins 2014 er gert ráð fyrir 20 milljarða króna útgjöldum vegna þessa málefnis. Hér er því um verulegar fjárhæðir að ræða hvort sem horft er til hlutfalls af heildarútgjöldum eða samanburðar við aðra fjárlagaliði.

Til að koma í veg fyrir að umrædd útgjöld skapi halla í rekstri ríkissjóðs hefur verið lagt til að aðgerðirnar verði fjármagnaðar með hækkun sérstaks skatts á skuldir starfandi fjármálafyrirtækja umfram 50 milljarða króna og afnámi undanþágu fjármálastofnana í slitameðferð frá skattinum. Áætlað hefur verið að þessi breyting á umræddum bankaskatti auki árlegar tekjur ríkissjóðs um 23 milljarða króna á ári eða um 92 milljarða króna á 4 árum.<sup>1</sup>

Viðskiptaráð er ósammála því að áhrif aðgerðanna á ríkissjóð verði óveruleg. Afli ríkissjóður um 92 milljarða króna tekna með hækkun umrædds skatts mætti nýta þá fjármuni með öðrum hætti. Skatttekjur

---

<sup>1</sup> Þetta kemur fram í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins, skrifstofu opinberra fjármála, um frumvarp þetta.

eru almennt ekki eyrnamerkta ákveðnum útgjaldaliðum nema í þeim tilfellum sem um er að ræða markaða tekjustofna.

Það er mat Viðskiptaráðs að hagkvæmast væri að nota þá auknu fjármuni sem ríkissjóður kann að afla á komandi árum til að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Með þeim hætti skapast sterkari þjóðhagslegar forsendur fyrir afnámi hafta, auknum fjárfestingum og bættum vaxtakjörum. Eins og fram hefur komið ríkir mikil óvissa um efnahagsleg áhrif þeirra aðgerða sem frumvarpið kveður á um. Þannig getur aðgerðin jafnvel aukið á skuldbindingar ríkissjóðs ef tekið er tillit til uppgreiðsluáhattu fyrir Íbúðalánasjóð.<sup>2</sup>

Lýsti Viðskiptaráð þessum sjónarmiðum sínum einnig í umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi, dags. 25. júní 2013. Í umsögninni kom fram að Viðskiptaráð teldi hagfelldara til lengri tíma lítið að fjármunir ríkissjóðs væru nýttir til að efla verðmætasköpun í hagkerfinu en ekki til að lækka skuldir ákveðins hóps.<sup>3</sup>

Viðskiptaráð telur þá efnahagslegu óvissu sem um aðgerðina ríkir óheppilega við núverandi kringumstæður. Samkvæmt spá Seðlabanka Íslands munu stýrivextir og verðbólga verða hærrí en ella á næstu árum gangi frumvarpið í gegn. Þannig er hætt við því að sú höfuðstólslækkun sem kemur til með að eiga sér stað muni að miklu leyti ganga til baka vegna herra vaxtastigs og áhrifa aukinnar verðbólgu á verðtrygð húsnæðislán.

Viðskiptaráð Íslands undirstrikar því þá afstöðu sína að hagkvæmara væri að verja umræddum fjármunum í að greiða niður opinberar skuldir.

**Viðskiptaráð Íslands leggur því til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.**

Virðingarfyllst,



Marta Guðrún Blöndal  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands

---

<sup>2</sup> Fyrir nánari umfjöllun sjá:

[http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/skjal/ILS\\_Mat\\_a\\_ahaettu\\_og\\_eiginfjarthorf\\_122012.pdf](http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/skjal/ILS_Mat_a_ahaettu_og_eiginfjarthorf_122012.pdf)

<sup>3</sup> <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=142&dbnr=100>